



Verkefnakista Grænfánans

Nýttu og njóttu að vild!



Náttúruljóð

Aldur	9 til 20 ára
Kennslustundir	1 til 2
Markmið	Náttúruverkefni, Námsgagnastofnun 1994, bls. 53-54, þýðing og staðfærsla Sigrún Helgadóttir. Að nemandur geri sér grein fyrir og hafi upplifað að að náttúran veitir fólki innblástur. Að nemendur skrifi ljóð. Að nemendur öðlist skilning á hugtakinu lífbreytileiki, bæði innan einstakra tegunda og vistkerfa.

Framkvæmd

Nemendur fara út og ímynda sér að þeir séu einhver lífvera og skrifa síðan ljóð.

1. Allir geta ort eitthvað þrátt fyrir að margir virðast álíta að svo sé ekki. Í þessu verkefni er hverjum nemanda, eða hópi nemenda, ætlað að yrkja ljóð.
2. Farið er út og fundið notalegt svæði á skólalóðinni, í garði, fólkvangi eða annars staðar þar sem nýtur náttúrulegs umhverfis. Allir hugsa sér lífveru. Ekki skiptir máli hvaða lífvera er valin. Allir eiga að loka augunum í nokkrar mínútur og ímynda sér að þeir séu lífveran í sínu eðlilega umhverfi. Hægt er að leiðbeina nemendum með nokkrum orðum þar sem þeir sitja með lokuð augun í ímyndun sinni eða láta þá alveg eina um hana.
3. Allir fá fimm mínútur til að finna stað og „verða“ lífveran. Þeir ímynda sér hve gömul lífveran getur orðið og ef um dýr er að ræða ímynda þeir sér ferðir þess og hvernig plöntur og önnur dýr líta út í augum þess. Þegar nemendurnir koma aftur inn eru allir beðnir að skrifa stutt ljóð um lífveruna sína. Ljóðin mega vera órímuð stef eða rímuð. Gaman getur verið að spreyta sig á fimmiðum eða japönsku ljóðformunum tönkum og hækum. Eins er hægt að yrkja hóppljóð: Allir hugsa um eina lífveru. Hver og einn leggur til eitt orð. Einn eða fleiri nemendur, eða kennarinn, raða orðunum í ljóð á meðan hinir ræða hvernig það var að „vera“ þessi lífvera.

i. ATHUGASEMD. Nemendur eiga að ímynda sér að þeir „séu“ dýr eða planta án þess að eigna þeim óviðeigandi mannlega eiginleika.

4. VAL: Nokkur dæmi um ljóðform sem hægt er að nota.

Í bók Helga Hálfðánarsonar, Japönsk ljóð frá liðnum öldum (Heimskringla 1976), eru margar tönkur og hækur og upplýsingar um þessi ljóðform en í þeim er lögð áhersla á atkvæði en ekki rím. Tanka er 31 atkvæði sem skiptist reglulega í fimm ljóðlínur, 5, 7, 5, 7 og 7 atkvæði í línu:

Dæmi (bls. 59):

Á hausti

Mér er svo sárkalt
þar sem ég hvíli í nótt
meðal klettanna.
Ó, gætu þeir lánað mér
mosa-feldinn sinn mjúka!

Hæka er aðeins þrjár ljóðlínur með 5, 7 og 5 atkvæðum í hverri.
Dæmi (bls 83):

Í nótt kom vorið,
hvergi sér ský á himni,
þrestir ræðast við.

Fimmiður byggjast líka á atkvæðum eða fjölda orða en ljóðlínur eru fimm. Vissar reglur gilda um hverja línu, og atkvæða- eða orðafjölda. Þær eru: 1. Heiti ljóðsins í tveimur atkvæðum (eða orðum). 2. Heitinu lýst í fjórum atkvæðum (eða orðum). 3. Gjörð eða verki lýst í sex atkvæðum (eða orðum). 4. Lýsing á tilfinningu í átta atkvæðum (eða orðum). 5. Annað orð fyrir heiti ljóðsins í tveimur atkvæðum (eða tvö orð). Eftirfarandi eru tvö dæmi, það fyrra notar atkvæði, það seinna orð.

Fléttur
þurrar, hrjúfar, gefa steinum líf.
Samlífi þörunga og svepps.
Lífsafl.

Hafsins risi.
Þróun fimmtíu milljón ára.
Syngur, étur, sefur, kafar, stekkur, hlær.
Á ég, herra jarðarinnar, að stöðva söng hans?
Hvalurinn lífi.

Tígulljóð eða demantsljóð eru ljóð í lögun eins og tígull eða demantur. Þau má nota til að sýna að orð tengjast með blæbrigðum frá einni merkingu til annarrar gagnstæðrar merkingar. Orðin eiga að vera af ákveðnum orðflokkum, það er:

Nafnorð
lýsingarorð lýsingarorð
sagnorð sagnorð sagnorð
nafnorð nafnorð nafnorð nafnorð
sagnorð sagnorð sagnorð
lýsingarorð lýsingarorð
nafnorð.

Ef sagnorðin eru í framsöguhætti verður ljóðið tígulljóð:

Egg
lífir stækkar brestur
goggur fjöður vængur flug
sveimar horfir sækir
dökkur svartur
rafn.

Ef sagnorðin eru í lýsingarhætti nútíðar verður til demantsljóð.

5. Þegar ljóðin eru tilbúin eru þau vélrituð, prentuð eða skrifuð snyrtilega á blöð sem eru svo til sýnis ásamt mynd eða teikningu af lífverunni sem þau eru um.

""

Áhöld - efni	Sönglög og ljóð má nota til að veita innblástur ef vill/ritföng eða tölva til skrá ljóðin.
Undirbúningur kennara	Kennari getur veitt nemendum innblástur við ljóðagerðina með því að fara með ljóð eða láta nemendur syngja ljóð sem tengist viðfangsefninu. Kennari finnur sjálfur eða í samvinnu við nemendur hrífandi mynd af villtu dýri. Hvernig notar listamaðurinn náttúruna til innblásturs?
Undirbúningur nemanda	Nemendur kynna sér mismunandi ljóðform með aðstoð kennara.
Mat kennara	Kennari leggur mat á veikleika og styrkleika nemenda við úrlausn verkefnisins og veitir endurgjöf á vinnubrögð og verk nemenda. Jafnframt getur kennari notað verk og árangur nemenda sem vísbendingu um eigin frammistöðu í starfi.
Mat nemanda	Nemendur séu færir um að leggja mat á hvort þeir sjálfir eða aðrir geti hugsað sér heiminn án villtra dýra. Hvers vegna og hvers vegna ekki?

Ítarefni

ATHUGASEMD. Mjög gott er að vinna þetta verkefni samhliða verkefninu Náttúruorð... búin til vasabók.

Fjöldi nemenda í þessu verkefni getur verið hver sem er og verkefnið getur með öðru fjallað um jafnrétti á milli kynslóða. Verkefnið hæfir nemendum á aldrinum 9-12 ára eða eldri.

Allir nemendur geta átt aðgang að ljóðlist á einhvern hátt. Í ljóðum er tungumálið notað á skipulegan hátt til að túlka innsæi. Í sumum ljóðformum eru bragarhættir og rím en annað á við t.d. í ýmsum söngvum og stefjum.

Mörg íslensk ljóðskáld bæði fyrr og síðar hafa ort til náttúrunnar eða um hana.

Paradís

Lag og ljóð Steinn Kárason

Ég man mitt Ísland,
mitt ómfagra Ísland,
þegar sólin skín um nótt
og heitur hver gýs.

Brosið þitt blíða,
blóðbergið mitt fríða.
Þínir ljósgullnu lokkar
og laufguð er björk.

Ég ann þér Ísland,
ég ann þér vína
ég nýt þín um nætur

uns nýr dagur rís.

Og ég hélt ég væri,
já, ég hélt ég væri,
ég hélt ég væri kominn
hálf leið í paradís.
Hvílík nánd samt svo fjarri því.

Ég ann þér Ísland,
ég ann þér vina,
þegar sólin skín um dag
og ilmar græn jörð.

Ég ann þér Ísland,
ég ann þér vina
þegar vont er veður
og vindurinn hvín.

Ég ann þér Ísland,
ég ann þér vina
þegar fönnin fýkur
og frostið er kalt.

Og mér finnst ég vera,
já, mér finnst ég vera,
mér finnst ég vera kominn
alla leið í paradís.
Hvílík nánd með þér í paradís.

Ég ann þér Ísland,
ég ann þér vina.
Þegar nótt er niðdimm
og norðurljós græn.

Ég ann þér Ísland,
ég ann þér vina.
Þegar grassins dögg grætur
og golan er hlý.

Þú elur mig Ísland.
Þú elskar mig vina.
Þegar lífsgöngu líkur
leggst torf yfir ná.

Þú elur mig Ísland.
Þú elskar mig vina.
Þökk sé þér móðir.
Þökk sé þér mæ.

Og ég veit ég er,
já, ég veit ég er,
já, ég er núna kominn

alla leið í paradís.
Hvílík nánd með þér í paradís

Heiðlóarvísa

Jónas Hallgrímsson

Snemma lóan litla í
lofti bláu „dírrind“
undir sólu syngur:
„lofið gæsku gjafarans –
grænar eru sveitir lands,
fagur himinhringur.

Ég á bú í berjamó,
börnin smá í kyrrð og ró
heima' í hreiðri bíða;
mata ég þau af móðurtryggð,
maðkinn tíni þrátt um byggð
eða flugu fríða.“

Lóan heim úr lofti flaug
(ljómaði sól um himinbaug,
blómi grær á grundu)
til að annast unga smá –
alla étið hafði þá
hrafni fyrir hálfri stundu!

Hér er tengill á Heiðlóarkvæði á youtube.com: <https://www.youtube.com/watch?v=0Wjk0eNG5LA>
(<https://www.youtube.com/watch?v=0Wjk0eNG5LA>)

Samið árið 1836. Eiginhandarrit er ekki til. Frumprentun í: Fjölirnir 2. ár, 1836. [Fyrirsögn Jónasar: „Heylóarvísa“]
og síðar prentað í Fjölni 9. ár, 1847 í sögunni „Grasaferð“.
Einnig prentað í: Ljóðmæli eftir Jónas Hallgrímsson. B. Pjetursson og K. Gíslason hafa sjeð um prentunina.
Khöfn 1847. [Fyrirsögn: „Heylóar-kvæði“].

Heimild: <http://jonashallgrimsson.is/index.php?page=heyloarvisa> (<http://jonashallgrimsson.is/index.php?page=heyloarvisa>)

Krummavísa

Krummi krunkar úti,
kallar á nafna sinn:
„Ég fann höfuð af hrúti

hrygg og gæruskinn.”
::Komdu nú og kroppaðu með mér,
krummi nafni minn::

Krummavísa eða Krummi krunkar úti er íslenskt þjóðlag. Lagið kom út í bókinni Íslensk þjóðlög eftir Bjarna Þorsteinsson 1906. Bjarni segist hafa lært það af Ólafi Davíðssyni en hann sagðist hafa lært það í æsku í Sléttuhlíð í Skagafirði.

Heimild: <http://is.wikipedia.org/wiki/Krummav%C3%ADsa> (<http://is.wikipedia.org/wiki/Krummav%C3%ADsa>)



UMHVERFISRÁÐUNEYTIÐ

(<http://www.umhverfisraduneyti.is/>)

Þróunarsjóður námsgagna
(<http://www.menntamalaraduneyti.is/afgreidsla/sjodir-og-eydublod/menntamal/nr/4365>)

(<http://www.umhverfisraduneyti.is/>)